

nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 60).

Fjárlög fyrir árið 1929, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 61).

Lög um hlunnindi fyrir lánsfjelag, undirrituð af konungi sama dag (nr. 62).

Lög um varðskip landsins og skipverja á þeim, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 63).

Áfengislög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 64).

Lög um samstjórn tryggingastofnana landsins, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 65).

Lög um smíði og rekstur strandferðaskips, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 66).

Lög um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 67).

Lög um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 68).

Lög um einkasölu á áfengi, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 69).

Lög um að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1928, undirskrifað af konungi sama dag (nr. 70).

Lög um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum prentuðum ummælum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 71).

Lög um hvalveiðar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 72).

Lög um slysatryggingar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 73).

33
11. maí

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörk verslunarlóðarinnar í Skildinganesi við Skerjafjörð.

Með brjefi, dags. 28. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Kjósarsýslu viðvíkjandi takmörkum verslunarlóðarinnar í Skildinganesi við Skerjafjörð, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.

Útaf þessu er hjermeð samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verslunarhús í Skildinganesi, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hjer segir:

Bein stefna frá uppsprettunni Mígandi við Skerjafjörð í austur-enda hins sameiginlega þvervegar Skildinganeseiganda eins og hann er ákveðinn á uppdrætti þeim, sem lagður var til grundvallar við undir-

og yfirskifti Skildinganes 1916 og 1917. Síðan ræður til vesturs þvervegurinn sjálfur þangað til hann kemur í veginn frá Skildinganesi til Reykjavíkur. Því næst ræður sá vegur að landamerkjum Skildinganes og Reykjavíkur. Þar eftir ráða þau landamerki niður í Skerjafjörð, en að öðru leyti ræður Skerjafjörður meðfram ofangreindu svæði.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1927.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1926:			
a. Veðdeildarbrjef	kr. 19000	00	
b. Sparisjóðsinnstæða	—	736	00
c. Hjá reikningshaldara	—	353	25
			kr. 20089 93
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbrjefum	kr. 821	25	
b. Af sparisjóðsinnstæðu	—	117	64
			— 938 89
			Kr. 21028 82

Gjöld:

1. Greitt Hvanneyrarpresti	kr. 140	00	
2. Styrkur til sr. Ásmundar Gíslasonar	—	400	00
3. Auglýsingar í Lögbirtingablað	—	9	00
4. Eign í árslok 1927:			
a. Veðdeildarbrjef	kr. 17500	00	
b. Sparisjóðsinnstæða	—	2626	57
c. Hjá reikningshaldara	—	353	25
			— 20479 82
			Kr. 21028 82

Biskupinn yfir Íslandi,
Reykjavík, 17. febrúar 1928.

Jón Helgason.